ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/977
komudagur 7.3.2005

Alþingi

Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.03.2005
Tilvísun: 2005020029

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lágmarkslaun, 306. mál**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lágmarkslaun, 306. mál.

Verkalýðshreyfingin hefur í kjarasamningum lagt áherslu á að hækka lægstu launin. Nokkuð hefur áunnist í þeim efnum á liðnum árum. Á sama tíma hefur hins vegar dregið úr tekjujöfnun skattkerfisins og velferðarkerfið veikst.

Alþýðusambandið telur að lögbinding lágmarkslauna mun ekki skila þeim árangri sem flutningsmenn frumvarpsins vænta. Til að bæta hag þeirra lægst launuðu er eðlilegra að ríkisvaldið auki tekjujöfnun í gegnum skattkerfið og efli velferðarkerfið.

Í ljósi framangreinds mælir Alþýðusambandið ekki með samþykkt þessa frumvarps.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ

Sætún 1
105 Reykjavík
Sími: 535 5600
Fax: 535 5601
Netfang: asi@asi.is
ASÍ vefurinn: www.asi.is
Kennitala: 420169-6209